

Fjórði fundur Umhverfisnefndar 2018-19 haldinn 03. apríl 2019 klukkan 14:00

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Jóhannes Birgir, Hilmar Nói, Stefanía Guðrún, Sóley Mist, Rúnar Smári, Signý Heiða og Gunnar Ingi.

Fulltrúar starfsfólks: Dóra Esther Einarsdóttir deildarstjóri og Hildur Björg Georgsdóttir leiðbeinandi. Fulltrúi foreldra: Arnfríður Sædis Jóhannesdóttir.

Við stóðum við verkefnið sem við settum okkur fyrir þennan fund. Við fórum með bréf til Söndru sveitastjóra vegna þess að við viljum fá fleiri ruslatunnur í hreppinn.

Við fengum bréf til baka frá Söndru og ég las upp bréfið á fundinum og bréfið hljóðar svona.

Kæru nemendur Heilsuleikskólans Kærabæjar

Takk fyrir góða ábendingu um vöntun á ruslatunnum. Það er frábært til þess að vita að ykkur þykir vænt um umhverfið og mikilvægt fyrir okkur sem vinnum fyrir sveitarfélagið að fá ábendingar um hvað megi gera betur.

Mig langar að biðja ykkur að sýna mér hvar ykkur finnst að ruslatunnan ætti helst að vera. Þið getið beðið Hildi og Dóru að hringja í mig og bjóða mér með ykkur í göngutúr við tækifæri.

Hlakka til að heyra frá ykkur

Með vinsemd og virðingu

Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitastjóri

Upp kom sú hugmynd að safna öllu plastinu sem kæmi inn á heimilið okkar í 3 daga og koma síðan með það í leikskólann og við vigtum plastið. Þessa sömu þrjá daga ætlum við að vigta plastið sem kemur inn á leikskólann okkar. Við ætlum að senda foreldrum bréf heim og láta þau vita hvernær við ætlum að byrja á þessu verkefni. Upp kom spurningin hvað þýðir að vigta. Börnin voru með þá útskýringu á hreinu. Alveg eins og þegar maður er að vigta kindurnar til að sjá hvað þær eru þungar.

Við fórum og könnuðum stöðuna á flokkunarkassanum okkar hvort það væri mikið eða lítið plast í honum. Hann var alveg fullur sem þýddi að mikið var af plasti undanfarið í leikskólanum.

Eftir að kanna stöðuna hjá okkur í leikskólanum spannst upp umræða hvað við sjáum mikið af rusli í umhverfinu okkar. Við settum okkur það markmið að næst þegar við færum í gönguferð þá ætlum við að taka með okkur poka og safna ruslinu sem verður á vegi okkar.

Í lok fundarins sýndi ég börnunum myndband af ruslinu sem er í sjónum og á ströndum víða út í heimi. Einnig kom fram á myndbandinu höfrungur sem gleypti plastpoka. Börnunum fannst þetta alls ekki nógu gott. Þau voru alveg handviss um að höfrungnum myndi líða illa í maganum af því að borða plastpoka. Ég spurði börnin hvort þau myndu vilja synda í sjónum sem sást á myndbandinu og þau höfðu ekki mikinn áhuga á því. Einnig hvort þau hefðu áhuga á að leika sér á ströndinni innan um allt þetta rusl, þau höfðu heldur ekki áhuga á því. Við ætlum að hjálpast að við að henda ekki rusli út í náttúruna og kenna öðrum að ganga vel um náttúruna.

Fundargerð

Dóra Esther Einarsdóttir